

Yfirlýsing um stjórnarhætti Arev verðbréfafyrirtækis hf.

Stjórn Arev verðbréfafyrirtækis staðfestir með þessari yfirlýsingu að félagið fylgir leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja, sbr 5. útgáfu Viðskiptaráðs Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja svo og meginreglur OECD um stjórnarhætti fyrirtækja. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 161/2002 skal fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Jafnframt ber félaginu að gera grein fyrir stjórnarháttunum á vefsíðu sinni. Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi Arev. Nánari upplýsingar um Fjármálaeftirlitið ásamt yfirlit yfir helstu lög og reglur sem um starfsemi Arev gilda á hverjum tíma má finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins www.fme.is.

Núverandi stjórn Arev verðbréfafyrirtækis var skipuð þann 26. júlí 2016 og er allir meðlimir nýjrir í stjórn félagsins sem og varamenn. Af þeim sökum var við val á nýrri stjórn hjá félaginu meðal annars talið mikilvægt að stjórnina myndu skipa aðilar sem hefðu bæði þekkingu og reynslu til að sinna starfi sínu sem stjórnarmenn í fjármálafyrirtæki. Litið var til þess að samsetning stjórnar félagsins yrði þannig að fullnægjandi þekking væri fyrir hendi á starfsemi og rekstri félagsins. Af þeirri ástæðu var lagt var upp með að tveir fyrrum starfsmenn félagsins myndu taka sæti í stjórn félagsins (annar í aðalstjórn hinn í varastjórn). Sú ráðstöfun var hins vegar einungis hugsuð tímabundið á meðan ný stjórn væri að byggja upp viðunandi þekkingu á starfsemi og innviðum félagsins. Samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti teljast því þeir stjórnarmenn ekki óháðir fyrirtækinu.

Stjórn Arev hefur sett saman í handbók stefnur og verklagsreglur er varða innri starfsemi félagsins, þar á meðal reglur um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem og ráðstafnir gegn hagsmunaárekstrum.

Innri endurskoðun hefur verið framkvæmd af Löggiltum endurskoðendum ehf. samkvæmt verksamningi og tekur mið af lögum um fjármálafyrirtæki og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um störf endurskoðunardeildar fjármálafyrirtækja.

Ársreikningur Arev hefur verið gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglum um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Stjórn Arev hefur sett reglur um áhættustýringu Arev og áhættustefnu. Tilgangur áhættustefnunnar er að áhættustýring Arev sé markviss og skilvirk sem og að koma á gagnsæi að því er varðar áhættutökur Arev á öllum stjórnunarstigum, allt frá stjórn til rekstrareininga og einstaklinga sem taka beinan þátt í daglegum rekstri og ákvarðanatöku um áhættu. Stjórn Arev verðbréfafyrirtækis ber ábyrgð á áhættustýringu félagsins en framkvæmdastjóri gagnvart stjórn.

Samfélagslegstefna félagsins er að starfa á ábyrgan hátt á öllum sviðum og sýna ábyrga hegðun sem þátttakandi í samfélaginu. Í þessu felst að félagið fer í einu og öllu eftir lögum og reglum og er virkur þátttakandi í að efla samfélagið, með því að taka ákvarðanir og framkvæma þær á eftirsóknarverðan hátt fyrir samfélagið. Í framkvæmd samfélagslegrar ábyrgðar Arev er litið til eftirfarandi þátta: innviða og stjórnháttu félagsins, starfsfólks, umhverfis og samfélagsins sem við búum í. Með stefnu um stjórnarhætti eru megin reglur um starfssemi félagsins lagðar, í stefnu um mannauðsmál eru málefni starfsmanna og félagsins mótuð. Varðandi umhverfismál er lögð áhersla á að virða og meta umhverfi okkar og í stefnu um samfélagsmál er lögð áhersla á að stuðla að sjálfbærri þróun í samfélaginu.

Arev

Ekki hefur verið talin þörf að setja skrifleg viðmið um siðferði og stefnu um samfélagslega ábyrgð Arev.

Í stjórn Arev eru þrír stjórnarmenn og jafnmargir varamenn. Aðalfundur kýs stjórn og varastjórn til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn. Stjórnarfundir eru a.m.k. 6 árlega. Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn 26. júlí 2016 og var kjörin ný stjórn á fundinum.

Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum Arev á milli hluthafafunda. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur og samkvæmt þeim er meginhlutverk stjórnar að hafa eftirlit með rekstri og efnahagsstöðu félagsins og að fjárhagsupplýsingar séu réttar og áreiðanlegar. Stjórn skal sjá til þess að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna Arev. Stjórn ræður framkvæmdastjóra félagsins, setur honum erindisbréf og hefur eftirlit með störfum hans. Þá kemur stjórn fram fyrir hönd Arev fyrir dómstólum og stjórnvöldum og ákveður hverjir hafi umboð til að skuldbinda félagið.

Stjórn Arev ber að meta þörf fyrir stofnun undirnefnda eftir stærð og umfangi félagsins, svo og samsetningu stjórnar. Á liðnu starfsári taldi stjórn Arev ekki þörf fyrir stofnun undirnefnda á vegum stjórnar.

Á síðasta starfsári voru haldnir 22 stjórnarfundir í félaginu. 100% mæting var á alla stjórnarfundum að einum undanskildum þ.s. tveir af þremur stjórnarmönnum mættu.

Á heimasíðu félagsins <http://arev.is> er að finna starfsreglur stjórnar.

Stjórn Arev verðbréfafyrirtækis var kosin á aðalfundi félagsins þann 26. júlí 2016 og hana skipa 3 aðalmenn, stjórnin kýs sér formann úr hópi stjórnarmanna.

ÁRNI SV. MATHIESEN - *Formaður stjórnar*

Frá 2009 til 2016 starfaði Árni í fyrirtækjaráðgjöf hjá Arev verðbréfafyrirtæki. Frá 1991 til 2007 var hann framkvæmdastjóri og eigandi Bedco & Mathiesen ehf. Það fyrirtæki sérhæfði sig á sviði innflutnings og sölu á hjúkrunarvörum fyrir sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir, auk þess að selja skrifstofu- og öryggisvörur fyrir fyrirtæki, stofnanir og banka. Áður starfaði hann á sviði drykkjarvöruíðnaðar og var markaðsstjóri Hr. Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson. Árni er með meistaraþáttu í lögfræði (ML) frá Háskólanum í Reykjavík ásamt Cand. ocean. gráðu frá Háskóla Íslands.

GUNNAR INGIMUNDARSON - Meðstjórnandi. Gunnar lauk Cand. Oecon prófi frá Háskóla Íslands árið 1981. Starfaði hjá Félagi íslenskra iðnrekenda til ársins 1986. Það ár stofnaði Gunnar ásamt fleirum hugbúnaðarfyrirtækið Hug hf. og var framkvæmdastjóri þess allt til ársins 1999 þegar það var selt. Gegndi stjórnunarstörfum með nýjum eigendum og tók þátt í ýmsum sameiningum á árunum 2000-2007. Tók það ár við starfi framkvæmdastjóra HugarAx, sameinaðs fyrirtækis Hugar hf. og AX hugbúnaðarhúss. Gegndi því starfi til ársins 2009. Varð þá hluti af stjórnendateymi Skýrr hf (síðar Advania) og starfaði þar til ársins 2016. Gunnar gegnir nú starfi framkvæmdastjóra ráðgjafar hjá LS Retail – framleiðanda hugbúnaðar fyrir verslunargeirann með starfsemi um allan heim.

ÓSKAR GARÐARSON - Meðstjórnandi. Frá árinu 2014 hefur Óskar verið framkvæmdastjóri Dögunar sem er sjávarútvegsfyrirtæki með megin starfsemi á Sauðárkróki. Félagið sérhæfir sig í veiðum og vinnslu á rækju. Hann er með BSc gráðu frá Lancaster University (1992) og framhaldsgráðu (postgraduate certificate in business studies) frá Warwick University (2007). Á árabílinu 2009-2013 starfaði hann hjá SJ1 ehf sem forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri. SJ1 annaðist eignastýringu og ráðgjöf fyrir tengda aðila. Óskar starfaði sem fjárfestingastjóri hjá Milestone á árunum 2006-2009. Óskar var fjármálastjóri og síðar annar af framkvæmdastjórum Eskju hf á árabílinu 2001-2006. Óskar hefur setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja.).

Varamenn í stjórn eru Víglundur Þorsteinsson, Þorbjörn Björnsson og Björn Jóhannesson.

Arev

Stjórnarformaður félagsins er jafnframt framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Arev hf, en endanlegureigandi þess er Jón Scheving Thorsteinsson. Jón Scheving er einnig framkvæmdastjóri Arev verðbréfafyrirtækis. Samkvæmt leiðbeiningum er stjórnarmaður ekki óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess ef hann er einn af daglegum stjórnendum annars félags þar sem einn af stjórnarmönnum þess er daglegur stjórnandi í félaginu. Gunnar Ingimundarsons er mágur framkvæmdastjóra Arev verðbréfafyrirtækis og því ekki samkvæmt leiðbeiningunum ekki óháður stjórnendum félagsins samkvæmt leiðbeiningunum. Björn Jóhannesson var starfsmaður Arev frá árinu 2005 til 2016 og samkvæmt leiðbeiningum ekki óháður félaginu og stjórnendum þess.

Árangursmat stjórnar Arev fer fram árlega. Mat er lagt á hvernig til tókst með verkefni og störf stjórnar á liðnu ári. Litið er til stefnumótunar, upplýsingagjafar og framtíðarsýnar, samsetningu og stærðar stjórnar, frammistöðu stjórnarmanna og frammistöðu framkvæmdastjóra. Þá skal þróun Arev yfirfarin og mat lagt á hvort hún sé í samræmi við markmið þess. Í kjölfar árlegs árangursmats skilgreinir stjórn verkefni á þeim svæðum sem úrbóta er þörf.

Framkvæmdastjóri er Jón Scheving Thorsteinsson, sem hefur gegnt því starfi frá júlí 2016, en hann stofnaði félagið Arev árið 1996 um ráðgjöf á sviði fyrirtækjarekstar. Jón með meistaraþáttu í aðgerðarrannsóknnum frá Stanford University og lauk prófi í verðbréfavíðskiptum árið 2012. Helstu skyldur framkvæmdastjóra eru að annast daglegan rekstur félagsins þar sem farið er að þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur lagt fyrir sbr. 1. mgr. 68 gr. laga um hlutafélög. Hann ber ábyrgð á upplýsingagjöf til innri og ytri eftirlitsaðila. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald Arev sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna Arev sé með tryggum hætti. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir starfsmannahaldi. Hann ber ábyrgð á upplýsingagjöf til innri og ytri eftirlitsaðila. Honum ber að veita endurskoðendum félagsins allar upplýsingar sem þeir kunna að óska. Honum er ennfremur skylt að hlíta fyrirmælum stjórnar.

Félagið hefur ekki gerst brotlegt við nein lög né reglugerðir á síðast liðnu rekstarári.

Formaður stjórnar stýrir samskiptum stjórnar við hluthafa. Stjórnarmönnum ber í störfum sínum og við ákvarðanatöku að starfa með hagsmuni félagsins og allra hluthafa að leiðarljósi samkvæmt ákvæðum laga nr. 2/1995, um hlutafélög, laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og þeirra reglna og fyrirmæla sem um starfsemi fjármálafyrirtækja gilda. Stjórn tekur afstöðu til tillagna og spurninga hluthafa. Á aðalfundi Arev er jafnframt haldin ýtarleg kynning á starfsemi félagsins undanfarið ár auk þess sem upplýsingar um rekstur Arev eru birtar í ársreikningi félagsins.

Stjórnarháttaryfirlýsing þessi er yfirfarin og samþykkt á fundi stjórnar Arev verðbréfafyrirtækis 24. febrúar 2017.